

**Nr. 069 / 15 Æskan GK 506****Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 1918  
Smíðaður: Falmouth, Bretlandi, 1988, plast  
Stærð: 8,62 brl. 12,16 bt.  
Mesta lengd: 10,59 m Skráð lengd: 10,56 m  
Breidd: 3,52 m dýpt: 1,54 m  
Vél: Mermaid 198 kW, 1987  
Fjöldi skipverja: 1



Æskan©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 19. febrúar 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 25. júní 2015 var Æskan GK 506 á handfæraveiðum á SV miðum. Veður:

Þegar báturinn var staddur út af Öldubrjótisnefi á Reykjanesi varð hann vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Björgunarskipið Oddur V.Gíslason dró Æskuna til hafnar í Grindavík.

**Við rannsókn kom fram:**

- að það var gírinn sem bilaði;
- að skrúfuöxullinn gekk inn í flangs aftan á gírnum með rillum og rillurnar hreinsuðust burt úr flangsinum;
- að um slit var að ræða.

**Nefndarálit:**

Orsök atviksins má rekja til slits.